

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2016

**Efni: Umsögn um tilskipun 2014/104/ESB.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar tilskipun 2014/104/ESB er varða skaðabótareglur á sviði samkeppnismála.

Um er að ræða ESB-gerð sem send er utanríkismálanefnd Alþingis og er efni hennar réttarfars- og skaðabótareglur vegna skaðabótamála einstaklinga vegna brota fyrirtækja á samkeppnislögum. Í umfjöllun um nauðsynlegar lagabreytingar vegna gerðarinnar segir að þær varði málsmeðferð fyrir dómi, sönnunarreglur og reglur um ákvörðun skaðabóta sem og skiptingu skaðabótaábyrgðar milli aðila.

Til skoðunar er hjá sameiginlegu EES nefndinni að umrædd tilskipun verði tekin upp í EES-samninginn en Evrópusambandið hefur talið hana hafa þýðingu fyrir EES-samninginn þ.e. merkt hana „EEA-relevant“. Hér er hinsvegar um að ræða tilskipun sem hefur áhrif á réttarfarsreglur einstakra ríkja sem hefur að öllu jöfnu verið talið falla utan þeirra málaflokka sem EES-samningurinn nær til. Í umsagnarbeiðninni fylgir ekki með neinn rökstuðningur af hálfu stjórnvalda eða Alþingis um afhverju umrædd tilskipun sé talin hafa svo sérstaka þýðingu að hugsanlega þyki rétt að teygja sig lengra en almennt skilgreint gildissvið EES-samningsins segir til um. Sé það vilji stjórnvalda og löggjafans að umrædd gerð sé tekin upp óbreytt í EES-samninginn telja samtökin mikilvægt að gert sé skilmerkilega grein fyrir forsendum þeirrar ákvarðanatöku svo að afstaða löggjafans til þessa atriðis sé skýr. Er þar um grundvallaratriði að ræða m.t.t. lagaskila samningsins óháð efnislegu inntaki tilskipunarinnar sem virðist að mörgu leyti í samræmi við íslenska lagareglur. Að því leyti sem íslenskar reglur eru hugsanlega ekki sambærilegar ákvæðum tilskipunarinnar þykir rétt að það verði skoðað í samstarfi við réttarfarsnefnd eða aðra sérfróða aðila um íslenskt réttarfar og það metið heildstætt hvort að eðlilegt sé að setja sérstakar réttarfarsreglur fyrir þennan málaflokk umfram aðra.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Berglína Halldórsdóttir*